

EDIH

**Evrópskt net stafrænna
nýsköpunarmiðstöðva**

Drifkraftur stafrænna umbreytinga innan ESB

Í hjarta hinnar stafrænu byltingar í Evrópu er nú að finna evrópskt net stafrænna nýsköpunarmiðstöðva (EDIH).

Öflugt, samevrópskt samfélag sérfræðinga sem hafa sett sér það markmið að endurmóta stafrænt landslag fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki og opinberar stofnanir.


EDIH hefur einsett sér að vera leiðarljós stafrænnar þekkingar, með því að kortleggja þá leið sem lítil og meðalstór fyrirtæki þurfa að feta til þess að geta siglt hraðbyri í þeim síbreytilegu straumum sem einkenna tæknidrifna veröldina í dag.

Með því að grípa tækifærið á stafrænni væðingu, þá opnar það fyrirtækjum leið til þess að bæta framleiðsluferli sitt, auka skilvirkni og efla eigin samkeppnishæfni.

Skuldbinding EDIH-netsins snýst þó ekki um stafræna hæfni eingöngu.

Hún á rætur sínar að rekja til meðvitaðrar og ábyrgrar nálgunar um að veita þjónustu sem stuðlar að umhverfislegri sjálfbærni.

Með framkvæmdastjórn Evrópusambandsins við stjórnvölinn, þá sameinar þetta verkefni rúmlega 200 stafrænar nýsköpunarmiðstöðvar (EDIH), sem dreifast á skipulegan hátt út um aðildarríki ESB, auk Íslands, Liechtenstein og Noregs.



Slástu í hópinn með okkur í þessa spennandi vegferð, sem snýst um að móta hina stafrænu framtíð Evrópu! >>

Vertu virkur

Hvernig getur þú hjálpað til við að dreifa orðsporinu um EDIH netið?



Stuðlaðu að eflingu EDIH netsins og starfsemi þess með því að rita og birta fræðandi greinar, blogg færslu sem vekur menn til umhugsunar eða grípandi viðtal við fulltrúa á stafrænu nýsköpunarmiðstöðinni okkar. Deildu skapandi hugmyndum þínum og innsýn með teyminu okkar.



Koma á tengingum á milli þíns eigin framtaks og EDIH netsins eftir því sem við á (til dæmis með því að birta viðeigandi fréttir á vefsíðunni þinni eða fréttabréfinu, setja upp tengil á þínum eigin vettvangi við [vefsíðu EDIH netsins](#), taka þátt í eða skipuleggja viðburði sem snúast um stafræna nýsköpun og deila innsýn þinni á stafrænar umbreytingar í gegnum reikninga þína á samfélagsmiðlunum).



Fitjaðu uppá umræðum um EDIH netið með samstarfsmönnum þínum, netverjum og öðrum hagsmunaaðilum og tryggðu þannig að efni af EDIH netinu, sem miðlað er með þessu tóli, sé aðgengilegt á samskiptaleiðum þínum.



Styddu markmið EDIH netsins með því að deila, endurbirta og mæla með því samfélagslega efni sem tengist því.



Grípa sérhvert tækifæri til þess að kynna EDIH-netið með því að nota þau úrræði sem aðgengileg eru í samskiptatólinu.

Kynningarefni

Raunar getur þú stutt öfluglega við markmið netsins með því að beita víðfeðma kynningarefninu okkar, sem er beinlínis hannað til þess að gera viðleitni þína bæði áhrifamikila og örvandi.



Myndræn kynning

Deildu myndræna kynningarefninu okkar, sem gerir þér kleift að miðla lykilupplýsingum um EDIH netið á auðskiljanlegan og spennandi hátt á samfélagsmiðlum þínum, vefsíðum eða á kynningum.



Þjónustubæklingurinn

Dreifðu hinum upplýsandi þjónustubæklingi okkar til sem flestra hugsanlegra hagsmunaaðila og samstarfsaðila, og færa þeim þannig nákvæma yfirsýn yfir þjónustu okkar og ávinninginn af henni fyrir viðskiptavini.



Rúlluborði

Sýna spennandi rúlluborða frá atburðum, ráðstefnum eða vinnustofum í því augnamiði að vekja athygli og kveikja neista um samræður sem snúast munu um EDIH netið



Myndband

Notaðu myndbandið sem fangandi tól til þess að sýna mönnum fram á hversu netið getur stuðlað að góðum árangri, markmiðum og velgengni á netinu. Deila því á ýmsum vettvangi til að ná til breiðari markhóps.



Innlegg á samfélagsmiðlum

Sparaðu tíma og fyrirhöfn með því að nota sýnishorn af samskiptum okkar á samfélagsmiðlunum. Þessar færslur eru hannaðar til að fanga athyglina og deila þeim með öðrum, þannig að auðvelt sé fyrir þig að dreifa orðpori netsins sem víðast.



Borði til notkunar í tölvupósti

Þennan borða má fella inní undirskrift tölvupósts eða fréttabréfs til þess að viðhalda EDIH netinu sem allra fremst í huga hinna faglegu tengiliða þinna.



Vefborði

Auka sýnileika netsins og styðja við markmið þess með því að bæta borðanum okkar á vefsíðuna þína.



Bakgrunnur funda á netinu

Á vef- eða sýndarfundum getur þú lagt línurnar fyrir umræður um netið með því að notfæra þér sérsniðna fundarbakgrunninn okkar á netinu.

Með allt þetta efni í höndunum getur þú gegnt mikilvægu hlutverki í að efla kynningar- og áhrifmátt EDIH netsins. Þátttaka þín mun virka sem einskona margföldunarstuðull við að hraða stafrænni umbreytingu, nýsköpun og vexti í Evrópusambandinu.

Við viljum endilega heyra frá þér!

Ef þig vantar ráðleggingar eða ert með einhverjar spurningar varðandi þetta tólasafn, vinsamlegast hafðu þá samband við okkur á: info@edihnetwork.eu

